Til sambandsaðila ÍSÍ

Reykjavík, 20. október 2026

Ágætu félagar!

Hér með er boðað til Formannafundar ÍSÍ **föstudaginn 20. nóvember nk. kl. 15:30.**
Fundurinn verður að þessu sinni haldinn í Stapanum/Hljómahöllinni í Reykjanesbæ. Boðið verður upp á rútuferð úr Laugardal kl. 14:30 og frá Reykjanesbæ að loknum kvöldverði.

Formannafund sækja: framkvæmdastjórn ÍSÍ, formenn og framkvæmdastjórar íþróttahéraða og formenn og framkvæmdastjórar sérsambanda.
Í forföllum formanna sambandsaðila ÍSÍ taka varaformenn sæti í þeirra stað, að öðrum kosti stjórnarmaður samkvæmt ákvörðun hlutaðeigandi stjórnar.

Ferðakostnaður fundarmanna innanlands greiðist samkvæmt reikningi samþykktum af ÍSÍ.
Sjá nánar um Formannafund ÍSÍ í 15. grein laga ÍSÍ.

Að loknum fundi verður kvöldverður í boði ÍSÍ. Við vonumst til að sem flestir fulltrúar á fundinum sjái sér þess fært að þiggja það boð.

Síðara fundarboð, sem inniheldur dagskrá fundarins og nánari upplýsingar um fyrirkomulag, verður sent út a.m.k. tveimur vikum fyrir fundinn.

Með kveðju,
ÍÞRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBAND ÍSLANDS

Willum Þór Þórsson
forseti

Andri Stefánsson
framkvæmdastjóri

ICELANDAIR
Íslensk Getspá